

Rakagefandi efni fyrir leggöng

Þurrkur í leggöngum er ein algengasta aukaverkun krabbameinsmeðferðar og algeng orsök óþæginda eða erfiðleika í kynlifi. Meðferðin, hvort sem um er að ræða skurðaðgerð, krabbameinslyfja- eða geislameðferð, getur haft áhrif á húð og slímhúð líkamans.

Orsakir

Lyfjameðferð, geislun á grindarbotn eða brotnám eggjastokka getur valdið snemmbærum tíðahvörfum hjá konum sem annars væru ekki komnar í tíðahvörf.

Konur í tíðahvörfum geta fundið fyrir auknum leggangaþurrki eftir meðferð.

Margt annað en meðferð krabbameins geta valdið þurrki í leggöngum. Sem dæmi má nefna brjóstagjöf, sykur-sýki, sýkingar í leggöngum og ýmis lyf (til dæmis ofnæmislyf) geta dregið úr blóðflæði til grindarbotns og valdið þurrki.

Meðferð

Til að draga úr leggangaþurrki má nota rakagefandi efni og/eða sleipiefni.

Rakagefandi efni (vaginal moisturizers) eru sett inn í leggöng til að auka raka, styrkja slímhúð og draga úr ertingu vegna þurrks. Til eru bæði rakagefandi efni með eða án hormóna. Best er að nota rakagefandi efni reglulega, oftast fyrir svefn.

Rakagefandi efni eru ekki sleipiefni, þó aukinn raki geti gert samfarir auðveldari.

Sleipiefni (lubricants) eru borin á svæðið rétt við leggangaopið rétt fyrir samfarir til að minnka núning og óþægindi. Sleipiefni veita tímabundna hjálp en hafa ekki varanleg áhrif á slímhúð.

Rakagefandi efni án hormóna

Rakagefandi efni án hormóna henta konum sem vilja eða geta ekki notað hormónameðferð. Oft innihalda þau hýalúrónsýru, sem hjálpar við að viðhalda raka í slímhúð. Þau eru fáanleg án lyfseðils, til dæmi í formi stíla eða gels.

Rakagefandi efni með hormónum

Staðbundin meðferð rakagefandi efna með estrógeni (krem, stílar eða skeiðarinnlegg) getur gert slímhúðina mýkri og rakari. Notkun á estrógeni ætti alltaf að fara fram í samráði við lækni, sérstaklega ef um hormónatengt krabbamein er að ræða.

Sumar konur nota bæði rakagefandi efni og sleipiefni ef slímhúðin er mjög viðkvæm og þurr. Þurrkur í leggöngum kemur þó aftur ef notkun er hætt, nema eggjastokkar fari aftur að framleiða estrógen. Það ræðst af tegund og umfangi krabbameinsmeðferðar.

Hvert á að leita ef frekari upplýsinga er þörf?

Á Landspítala er í boði kynlífssráðgjöf fyrir sjúklinga sem eru í meðferð á spítalanum og maka þeirra. Hægt er að panta viðtalstíma með því að:

- Biðja lækni eða hjúkrunarfræðinga að panta tíma.
- Hringja í síma 543 6800 (ritari geislameðferðardeild, Hringbraut) eða 543 6040 (ritari göngudeild lyflækninga, Fossvogi) og biðja um viðtal við sérfræðing í kynheilbrigðishjúkrun og klínískri kynfræði.
- Senda tölvupóst á netfangið: jonajon@landspitali.is og óska eftir viðtali.

Frekari upplýsingar er einnig að finna í fræðsluefní um sleipiefni og fræðsluefní um leggangaþurk.

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efnið er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.